

Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
desember 2018
útg. 6.12.18



Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Hjallavegur 2, Hljómahöll
sími 420-1400 Netfang: <http://tonlistarskoli.reykjanesbaer.is/>
Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9-17



Bjöllukór TR og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bjöllukór Tónlistarskólans mun leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands á hinum árlegu Jólatónleikum SÍ, laugardaginn 15. og sunnudaginn 16. desember n.k. í Eldborgarsal Hörpu. Tónleikarnir eru kl. 14 og 16 hvorn dag. Þessir tónleikar eru orðnir fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna, enda ætlaðir fólkí á öllum aldri. Verði aðgöngumiða er því stillt í hóf. Við erum afar stolt af því að vera boðið að taka þátt í tónleikunum ár eftir ár, en þetta er 7. árið í röð sem Bjöllukór TR spilar á Jólatónleikum SÍ.

Auk þess leikur Bjöllukórinн sérstaka efnisskrá á ganginum ofan við tröppurnar upp á 2. hæð.

Við hvetjum nemendur og forráðamenn til að ná sér í miða sem fyrst. Miðar á Jólatónleika SÍ seljast alltaf upp. Stjórnandi Bjöllukórs TR er Karen Janine Sturlaugsson.

Barnakórinn

Barnakór Tónlistarskólans kemur víða fram í bæjarféluginu á aðventunni. Það er ánægjulegt að barnakórinn okkar skuli fá tækifæri til að koma fram utan skólans, því það er mikilvægt að hinn ungi kór safni í sarpinn sem fjölbreyttastri reynslu. Þegar þessi Tónvísir kemur út, er kórinn nú þegar búinn að syngja með Karlakór Keflavíkur á Kertatónleikum. Rétt er að vekja athygli á því að hægt er að bæta við nokkrum börnum í kórinn eftir áramótin. Stjórnandi Barnakórs TR er Birta Rós Sigurjónsdóttir og meðleikari er Jónína Einarsdóttir, píanókennari.



Jólatónleikar framundan

Framundan er fjölbreytt jólatónleikahald skólans. Það verður með svipuðu sniði og venjulega þ.e. að kennarar eða deildir halda sína tónleika hver fyrir sig. Vinsamlegast fylgist vel með tilkynningum sem koma frá kennurum á næstunni, varðandi jólatónleikana. Hér í Tónvísí er yfirlit yfir jólatónleikahaldið. Einnig er hægt að fá upplýsingar um tónleikana á skrifstofu skólans, á vefsíðunni okkar tonlistarskoli.reykjanesbaer.is og á fésbókarsíðu skólans.

Fréttabréfið

Fréttabréfið Tónvísir kemur út 2-3 sinnum á vetri. Annars eru upplýsingar um starfsemi skólans frá degi til dags á vefsíðunni tonlistarskoli.reykjanesbaer.is og á fésbókarsíðu skólans.

Jólafrí

Síðasti kennsludagur fyrir jól er fimmtudagurinn 20. desember. Kennsla hefst að nýju föstudaginn 4. janúar 2019.

Getum bætt við okkur nemendum

Eftir áramót getum við bætt við okkur nemendum á harmoniku, saxófón, klarinett, málmlásturshljóðfæri (trompet, horn, básúna, túba), í klassískum söng, rytmískum söng (jass, pop og rokk) og í Barnakórinn. Áhugasamir hafi samband við skrifstofu skólans sem fyrst.

Frítt kynningarnám

Við bjóðum upp á **frítt** kynningarnám á kirkjuorgel og túbu vorönnina 2019. Um er að ræða að hámarki 2 pláss fyrir hvort hljóðfæri. Varðandi nám á kirkjuorgel þá þurfa nemendur að vera komnir nokkuð áleiðis í píanónámi eða hafa verið í píanónámi. Engan slíkan undanfara þarf fyrir nám á túbu. Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2019. Sækja skal um á vef Tónlistarskólans tonlistarskoli.reykjanesbaer.is. Kennsla hefst í fyrstu viku janúar 2019. „**Fyrstur kemur fyrstur fær**“

Jólagjafir

Við viljum benda á þann skemmtilega möguleika að gefa tónlistar-jólagjafir. Hægt er að fá ódýrar en nytsamlegar jólagjafir fyrir tónlistarnemandann í tónlistarbúðum, svo sem nótnastatíf, hljóðfærastatíf, nótnabækur, taktmæla, ljós á nótnastatíff, trommukjuða o.fl. þess háttar. Helstu verslanir með svona vörur eru Tónastöðin, Hljóðfærahúsið og Verslunin Hljóð-X-Rín. Pessar verslanir eru í Reykjavík. Einnig er margt fallegt og nytsamlegt til í verslun Rokksafnsins í Hljómahöll.

20 ára afmæli

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar verður 20 ára þann 1. september 2019. Skólaárið 2019-2020 verður því afmælisár skólans. Það verður ýmislegt gert á því skólaári af því tilefni, þar með talið tvö stór verkefni sem skólinn mun ráðast í.

Það fyrra er uppsetning með hljómsveit á einum þekktasta söngleik allra tíma, söngleiknum „**Fiðlarinn á þakinu**“, í samvinnu við Óperufélagið Norðuróp. Sýningar verða í Stapa, Hljómahöll. Frumsýning er fyrirhuguð föstudaginn 15. nóvember 2019, sem verður jafnframt formleg afmælissýning. Æfingar og annar undirbúnингur er þegar hafinn.

Hitt stóra afmælisverkefnið nær til mjög breiðs hóps nemenda og felur í sér bæði söng, hljóðfæraleik og dans og jafnvel sögumann. Sá afmælisviðburður verður á vorönn 2020.



Jólatónleikar 2018

mán. 10.des.	kl. 17:00 kl. 19:00	Jólatónleikar nem. Þórunnar í Bergi Jólatónleikar Gítarsamspils í Bergi
þrið. 11.des.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 18:30	Jólatónleikar Strengjasveitar í Bergi Jólatónleikar Létt sveitar, Samspils Eyþórs og Samspils Ásgeirs í stofu 102 Jólatónleikar nem. Hörpu í Bergi
miðv. 12.des.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:30	Jólatónleikar nem. Ragnheiðar Eirar og Þórðrnu í Bergi Jólatónleikar nem. Ragnheiðar Eirar og Þórðrnu í Bergi Jólatónleikar nem. Ásgeirs í Bergi
fimm. 13.des.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 18:45 kl. 19:30	Jólatónleikar nem. Jónínu í Bergi Jólatónleikar nem. Arnars Freys í Bergi Jólatónleikar nem. Aleksöndru í Bergi Jólatónleikar nem. Birnu í Bergi
fös. 14. des.	kl. 17:30 kl. 18:30	Jólatónleikar nem. Unnar í Bergi Jólatónleikar nem. Kristjáns Karls í Bergi
laug. 15. des. sunn. 16. des.	kl. 14 og 16 kl. 14 og 16	Bjöllukór TR spilar í Hörpu á Jólatónleikum SÍ Bjöllukór TR spilar í Hörpu á Jólatónleikum SÍ
mán. 17. des.	kl. 17:00 kl. 17:30 kl. 18:00 kl. 19:00	Jólatónleikar nem. Guðríðar Evu í Bergi Jólatónleikar Söngdeildar í Ytri-Njarðvíkurkirkju Jólatónleikar nem. Alberts, Kristínar Þóru og Ernu í Bergi Jólatónleikar nem. Þorvaldar Más í Bergi
þrið. 18.des.	kl. 17:00 kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 18:00 kl. 19:00 kl. 20:00	Jólatónleikar nem. Germans og Karenar í Bergi Jólatónleikar nem. Þorvaldar í stofu 102 Jólatónleikar nem. Renötu í Bergi Jólatónleikar nem. Grétu í stofu 102 Jólatónleikar nem. Steinars í Bergi Jólatónleikar nem. Róborts og Páls í Bergi
miðv. 19. des.	kl. 17:00 kl. 18:00	Jólatónleikar nem. Geirþrúðar og Sigrúnar Gróu í Bergi Jólatónleikar nem. Birtu og Jelenu í Bergi
fimm. 20. des.	kl. 17:00 kl. 18:00	Síðasti kennsludagur fyrir jól Jólatónleikar nem. Ínu Dóru í Bergi Jólatónleikar nem. Arons í Bergi
fimm. 3. jan. fös. 4. jan.		Starfsdagur kennara Kennsla hefst



*Tónlistarskólinn óskar nemendum
og fjölskyldum þeirra
hamingjuríkra jóla og farsæls nýjs árs*